

EFTIRLITSSKÝRSLA

PCC BakkiSilicon hf. Bakki, Norðurþing



Dags eftirlits	28.4.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	PCC BakkiSilicon hf.	Eftirlitsmaður	Steinunn Karlsdóttir
Heimili	Bakkavegur 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4500612-0140	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Ólafur Ármann Sigurðsson	ÍSAT nr.	09.90.0
Fulltrúi fyrirtækis	Tomasz Horyn	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fyrra reglubundna eftirlit ársins fór fram annars vegar á rafrænum fundum þann 7. og 10. apríl og hins vegar með vettvangsferð á staðinn þann 28. apríl.

Unnið er samkvæmt samþykktri úrbótaáætlun vegna frávíka sem komu fram í fyrra eftirliti 2020 en uppfæra þarfr úrbótaáætlun vegna frávíka sem komu fram í seinna eftirliti 2020.

Í eftirlitinu komu fram fjögur ný frávik frá starfsleyfi og einni ábendingu var komið á framfæri.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfshættir sbr. grein 2.1
- Verklagsreglur við bökun á fóðringum sbr. gr. 3.19
- Ráðstafanir til að lágmarka lyktarmengun sbr. gr. 3.20
- Meðhöndlun aukaafurða og úrgangs sbr. gr. 3.14 - 3.17
- Rekstur hreinsivirkja sbr. gr.
- Skráningar sbr. gr. 4.1
- Samráðsfundur og opinn kynningarfundur sbr. gr. 1.8
- Önnur mál.

1. Farið var yfir hvernig þjálfun starfsmanna hefur verið háttáð fyrir endurgangsetningu sem og endurskoðun verkferla og ræsingaráætlun. Sérfræðingar með þekkingu á uppkeyrslu ofna og hönnun og rekstri reykahreinsivirkja voru fengnir til viðbótar við fasta starfsmenn PCC hérlendis. Þá kynnti fyrirtækið hvernig það hygðist upplýsa nærsamfélagið um hugsanlega sýnilegan reyk og önnur áhrif af uppkeyrslunni.

2. Uppfærð ræsingaráætlun fyrir ofnana var send eftirlitsaðila í kjölfar fyrra rafræna fundarins.

3. Rekstraraðilar eru meðvitaðir um þá þætti í uppkeyrslunni sem geta valdið lyktarmengun.

4. Umhverfisstofnun samþykkti í tölvupósti 31. mars sl. áætlun rekstraraðila um úrbætur við að ráðstafa framleiðsluúrgangi á lóð í viðeigandi farveg. Rekstraraðili kynnti í eftirlitinu aðgerðir til að halda efnisstraumum betur aðskildum til að auka möguleika á að koma þeim í endurnýtingu og/eða endurvinnslu. Áætlað var að hreinsun framleiðsluúrgangs af lóðinni myndi hefjast nú á vormánuðum en niðurstöður útskolunarprófa úr efnishaugunum láu ekki fyrir þegar eftirlitið fór fram.

5. Rekstraraðili hefur gert ýmsar úrbætur á hreinsivirki, m.a. til að koma í veg fyrir að stíflur myndist.

6. Farið var yfir mæliáætlun frá 5. júlí 2018. Mælingar í útblæstri lágu niðri á meðan starfsemin var ekki í gangi og hefur Umhverfisstofnun samþykkt með bráfi, dags. 4. desember 2020, áætlun um að niðurstöðum næstu mælinga í útblæstri verði skilað til Umhverfisstofnunar í síðasta lagi 6 mánuðum eftir gangsetningu. Lagnateikning af fráveitu svæðisins var kynnt í eftirlitinu. Rekstraraðili hefur skilað inn greinargerð sem unnin var af Eflu verkfræðistofu varðandi frárennismælingar og að eiginlegt verksmiðjufrárennslu sé takmarkað. Rekstraraðilar hafa jafnframt sent inn fyrirspurn varðandi íblöndun frostvara í kælivatn þar sem að fram kemur að um 1,7 m³ af kælivatni sé að jafnaði losað í fráveituna. Ráðast þarfr í nánari greiningu á frárennslu frá verksmiðjunni og huga að fráveitukerfi ofanvatns svo að mælingarnar gefi rétta mynd af hugsanlegu mengunarálagi sem kann að stafa af starfsemi verksmiðjunnar.

7. Rætt var um að hafa samráðsfund með heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og sveitarfélaginu sem eins konar upptakt að opnum kynningarfundi um niðurstöður eftirlits og umhverfisvöktunar 2020. Samráðsfundur var haldinn 19. maí og opni kynningarfundurinn 8. júní sl.

Skoðunarferð 28. apríl:

Þegar vettvangsferðin fór fram var undirbúningur fyrir framleiðslu í ofnunum á lokastigi en uppkeyrslan hafði gengið vonum frammar frammar. Farið var í stjórnherbergi ofnanna og rætt við starfsmenn um gang uppkeyrslunnar. Jafnframt var gengið um lóðina en umgengni á svæðinu er verulega ábótavant. Efnishaugar eru enn til staðar sem fjallað var um í síðasta eftirliti en eins og fyrr segir unnið að úrbótum varðandi þá. Einnig er ýmiskonar úrgangur, olíutunnur, plast, rafeindatæki o.fl. óvarið á lóðinni án viðeigandi mengunarvarna. Sömuleiðis þarf að huga að því að koma veg fyrir fok á úrgangi út fyrir lóðina.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
grein 3.11 í starfsleyfi.	Vegna mikils magns af framleiðsluryki og úrgangi á svæðinu eru niðurföll víða stífluð sem hindrar virkni ofanvatnsfráveitukerfisins.
grein 2.4 í starfsleyfi.	Umgengni á lóð er verulega ábótavant en þar ægir saman framleiðsluúrgangi, ýmiskonar byggingarúrgangi, raflögnum, tunnum og annars konar blönduðum úrgangi.
grein 3.3 og 3.12 í starfsleyfi og reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	Huga þarf að lekavörnum fyrir olíuefni en á lóðinni voru m.a. olíutunnur sem ekki voru með viðeigandi lekavarnir.
grein 3.6 í starfsleyfi	Rekstraraðili tilkynnti til Umhverfisstofnunar um atvik þann 18. maí sl. þar sem að skammhlaup varð við hleðslu á ofninum með þeim afleiðingum að ofálag varð á hreinsivirki svo að síupokar rifnuðu og farið var yfir starfsleyfismörk er varða dagsmeðaltal ryks í útblæstri. Atvikið var rótargreint og brugðist við samkvæmt viðbragðsáætlun. Verklagsreglur við innmötun voru jafnframt endurskoðaðar í kjölfar

ÁBENDINGAR

Rekstraraðili sendi fyrirspurn til Umhverfisstofnunar þann 8. febrúar sl. varðandi losun kælivatns með íblönduðum frostvara af tegundinni Mobil Anitfreeze Advanced - Concentrate í fráveitu. Slíkur frostvari flokkast sem spilliefni en skv. 2. mgr. 54. gr í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs má ekki blanda spilliefnum við annan efnivið og þynning spilliefna telst til blöndunar. Samkvæmt reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp segir að óheimilt sé að láta hvers kyns olíur, bensín, lífræn leysiefni eða önnur mengandi efni í fráveitur íbúðar- og atvinnuhúsnæðis. Með slíkan úrgang fer samkvæmt reglugerð um spilliefni en spilliefnum skal samkvæmt gr. 3.16 í starfsleyfi skilað til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

Sama gildir um losun kælivatns með íblöndun frostvaranum Procar MPG Technisch sem rekstraraðili sendi fyrirspurn til umhverfisstofnunar um þann 11. mars sl. Brýnt er að rekstraraðili kynni sér þær reglur sem eiga við um meðhöndlun úrgangs og losun efna í fráveitur s.s. lög nr 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum hans, reglugerð nr. 798/2009 um fráveitur og skólp og reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns (með síðari breytingum).

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.06.2021


Halla Einarsdóttir

